

STEFNUMÁL MIÐFLOKKSINS Á AKUREYRI

Sveitarstjórnarkosningarnar 14. maí 2022



X-M

FYRIR AKUREYRI

Það er gott að búa á Akureyri
og þannig á það að vera áfram

Fjölskyldubærinn Akureyri

“Það er gott að búa á Akureyri og þannig á það að vera áfram” XM – fyrir Akureyri

Akureyri er fyrir fólk og fyrirtæki. Bæjarfélag þar sem tekið er tillit til þarfa og óska þeirra sem samfélagið mynda. Þannig á að vinna með fólki og fyrirtækjum að áhugaverðum og hagkvæmum framtíðarlausnum sem tryggja vöxt bæjarins og hagkvæman rekstur.

Miðflokkurinn leggur áherslu á að Akureyri rækti betur hlutverk sitt sem höfuðstaður Norðurlands. Það verði gert með bættum samskiptum og meiri samvinnu við nágrannasveitarfélögin og ríkið í mikilvægum málum sem varða bæjarfélagið og landssvæðið sem heild.

Þannig vill Miðflokkurinn m.a. beita sér fyrir enn frekari eflingu Háskólans á Akureyri með samvinnu við ríkið og atvinnulífið með það að markmiði að tengja betur saman menntun, rannsóknir og nýsköpun í atvinnulífinu á svæðinu. Þannig verði stutt við og stuðlað að uppbyggingu nýrrar atvinnu í bænum.

Störf án staðsetningar. Mikilvægt er að stuðla að því að eftirsóknarvert verði fyrir fólk að búa hér en sinna slíkum störfum sem fara ört fjölgandi, bæði á vegum hins opinbera og atvinnulífsins.

Rekstur og stjórnslá bæjarins

Ábyrgur og skynsamur rekstur bæjarfélagsins er lykilatriði til að við getum viðhaldið og bætt þjónustu okkar við íbúana enn frekar. Við getum bætt rekstur með betra skipulagi og hagræðingu. Einnig þurfum við að styrkja tekjustofnana með því að búa atvinnulífinu umhverfi sem gefur tækifæri til sóknar og nýsköpunar. Mikilvægt er að tryggja nægt framboð á lóðum við hæfi bæði íbúa og atvinnustarfsemi.

Miðflokkurinn mun vinna að bættum samskiptum við ríkið bæði um verkaskiptingu og sanngjarna tekjuskiptingu í þeim mörgu viðfangsefnum sem eru framkæmd af bænum en á ábyrgð ríkisins.

Atvinnumál

Miðflokkurinn mun vinna náið með atvinnulífinu sem er grundvöllur búsetu og velferðar í bænum. Tryggja þarf nægt framboð á byggingarhæfum lóðum á hverjum tíma fyrir atvinnustarfsemi. Þá er mikilvægt að einfalda og hraða skipulagsferli bæjarins sem snýr að atvinnulífinu.

Bærinn taki upp samvinnu við atvinnulífið um möguleika þess að efla tækifæri íbúanna til að taka að sér störf án staðsetningar.

Nýta mögulegt svigrúm til lækkunar fasteignagjalda sem mótvægi við miklar hækkanir fasteignamats.

Kanna möguleika á að auka áhuga lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks á störfum í bænum, þar sem mikil vöntun er á t.d. á sérfræðilæknum sem fólk sækir þjónustu til á höfuðborgarsvæðið með miklum tilkostnaði. Vöntun á húsnæði er þar ráðandi þáttur.

Skipulagsmál

Afar mikilvægt er að skipulagsmál séu unnin með langtímasjónarmið og þróun bæjarfélagsins að leiðarljósi. Þá er einnig mikilvægt að fylgt sé meginlínunum í samþykktu skipulagi bæjarins þannig að atvinnulífið búi við öryggi og geti sinnt nauðsynlegri uppbyggingu á sínum athafnasvæðum. Sem dæmi um það er að mikilvægt er að ekki verði þrengt að hafnar- og atvinnusvæðum bæjarins á Oddeyrinni.

Tryggja þarf í skipulagi nægt framboð á lóðum fyrir íbúabyggð þannig að aldei komi upp sú staða að byggingarhæfar lóðir séu ekki til staðar.

Við skipulag bæjarins og þéttingu íbúðabyggðar er mikilvægt að tryggja að græn opin svæði verði áfram í öllum hverfum bæjarins.

Mikilvægt er að tryggja í skipulagi öruggar samgönguæðar fyrir þungaflutninga og aðra umferð um leið og áhersla er lögð á göngu-, hjóla-, reið- og útivistraleiðir um allt bæjarfélagið.

Þegar í stað verði farið í vinnu við skipulag á Akureyrarvelli með framtíðarnýtingu í huga og tengingu við miðbæjarsvæðið. Stofnað verði til samkeppni um tillögur að hönnun á þessu mikilvæga svæði.

Liðkað verði til í samningum við ríkið til að tryggja að ekki verði dráttur á uppbyggingu nýrra heilsugæslustöðva í bænum, en ríkið sér um uppbyggingu þeirra en bærinn leggur til lóðirnar.

Stefnumörkun í skipulagsmálum skal unnin í samvinnu við bæjarbúa og atvinnulífið. Þannig mótum við samfélagið saman í sátt til lengri framtíðar.

Skóla- og uppeldismál

Góðir skólar og þjónusta á öllum stigum við barnafólk eru lykill að góðum búsetuskilyrðum á Akureyri, en um leið er þetta líka fjárfrekasti málaflokkurinn og því þarf að vinna hlutina markvisst og vel.

Við leggjum áherslu á að fá fleira sérhæft fólk inni grunnskólastarfið. Horfum við þar sérstaklega til sálfræðinga, iðjuþjálfara og fjölskylduráðgjafa. Þá þarf einnig að veita börnum stuðning/liðveislu í íþróttum líkt og í skólastarfinu.

Hlíðarskóla verði haldið áfram í rekstri.

Nauðsynlegt er að leik- og grunnskólabörnum efnaminni foreldra séu tryggðar skólamáltíðir.

Mikilvægt er að styðja við þróun skólstarfsins og þar þurfa fjármunir að fylgja eins og t.d. við snjallvæðingu.

Miðflokkurinn leggur áherslu á að taka upp aukið samtal við kennarastéttina, skólastjórnendur og foreldra um umbætur í skólastarfi, bættu aðstöðu nemenda og kennara, forgangsröðun fjármuna og framtíðarsýn málaflokksins.

Forvarnir, lýðheilsa og íþróttir

Forvarnir eru lykilatriði bættrar lýðheilsu og þeim þarf að sinna á öllum stigum samfélagsins. Miðflokkurinn leggur áherslu á að efla forvarnir strax á grunnskólastigi og þá ekki síst með aukinni fræðslu til foreldra um forvarnir.

Við segjum upphátt að “við viljum hætta að aumingjavæða samfélagið”. Þess í stað viljum við leita allra leiða til að auka virkni, sjálfstæði og heilsueflingu eldra fólks og ekki síður öryrkja. Stuðlum að auknu kynheilbrigði eldra fólks og styðjum það til sjálfstæðs lífs á eigin vegum eins lengi og kostur er með aukinni þjónustu og fræðslu.

Við viljum sjá enn markvissari uppbyggingu á Kjarnaskógi til útivistar og hreyfingar. Tengja þarf almenningssamgöngur bæjarins að Kjarnaskógi.

Við munum vinna náið með íþróttafélögunum í bænum að áframhaldandi uppbyggingu á aðstöðu til íþróttaiðkunar. Mikilvægt er þar að forgangsraða á þann hátt að sem flestum íþróttagreinum verði búin góð aðstaða. Skoða þarf einnig vandlega hvað má samnýta til að koma jaðaríþróttum í varanlegt skjól.

Hefja þarf á kjörtímabilinu markvissa uppbyggingu á Þórssvæðinu m.a. með byggingu fjölnota íþróttahúss.

Eldri borgarar

Miðflokkurinn leggur áherslu á góða þjónustu við eldri borgara. Verulega skortir á að að í boði sé nægt og boðlegt húsnæði á öldrunarheimilum bæjarins. Mikilvægast teljum þó vera að gera eldri borgurum kleift að vera sem lengst á eigin heimili studd af góðri þjónustu. Með nýjum tæknilausnum er einnig hægt að auka öryggi þeirra sem búa einir.

Með samvinnu við Háskólann á Akureyri viljum við að gerð verði rannsókn á lýðheilsu og virkni eldri borgara og þarfir og úrræði metin útfrá því.

Mikilvægt er að virkja getu eldri borgara til þátttöku í samfélaginu og til heilsueflingar.

Miðflokkurinn ætlar að fara í stækkun á félagsaðstöðu eldri borgara.

Við viljum lækka kostnað eldri borgara á heimsendum mat.

Akureyrarbær taki upp aukið samstarf við frjáls félagasamtök með það að markmiði að auka hamingjustundir með eldra fólki.

Lækka hafnargjöld í smábátahöfninni þar sem margir eldri borgara nýta svæðið.

Við hönnun á tjaldsvæðisreitnum verði gert ráð fyrir tveimur íbúðablokkum fyrir eldri borgara vegna nálægðar svæðisins við þjónustu.

Málefni fatlaðra og öryrkja

Virða ber og fara eftir samningi sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Miðflokkurinn styður áframhaldandi uppbyggingu á notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA) sem mun geta veitt stærri hópi fatlaðs fólks aukin lífsgæði.

Við viljum að Akureyrarbær sýni fordæmi á vinnumarkaði með því að bjóða fólki með skerta starfsgetu störf við hæfi þar sem mikilvægt er að hjálpa fólki eins og mögulegt er til aukinnar virkni og þátttöku í samfélaginu.

Bæta þarf og auka þjónustu í skammtímavistun fyrir fatlaða.

Miðflokkurinn mun vinna að því að fatlaðir einstaklingar hafi fjölbreyttara val um húsnæði og búsetu. Mikilvægt er einnig að eyrnamerkja fötluðum íbúðir í félagslega kerfinu. Allt of löng bið er nú eftir húsnæði, en málefnið er samstarf ríkisins og bæjarins og því mikilvægt að kanna hvaða leiðir séu færar aðrar en að bíða eftir að ríkið sé tilbúið til að setja frekari fjármuni í verkefnið.

Komið verði á frístund fyrir fötluð börn að sumri til að brúa bil sumarleyfa foreldra þeirra. Nýta má húsnæði grunnskóla í því skyni.

Betur þarf að sinna geðheilbrigðismálum fatlaðra einstaklinga.

Umhverfismál

Miðflokkurinn vill vera þátttakandi í að koma á fót umhverfisvænni sorpbrennslustöð sem einnig myndi nýtast sem orkugjafi á Eyjafjarðarsvæðinu.

Miðflokkurinn mun beita sér fyrir átaki í umhverfismálum og fegrun bæjarins.

Förum í átakið „**Fegrum Oddeyrina**“. Mjög mikið hefur þegar verið gert á því svæði af íbúum og fyrirtækjum í fegrun bæjarhlutans. Við viljum að bærinn taki þar ákveðið frumkvæði og geri áætlanir um lagfæringar á götum og gangstéttum um leið og íbúar yrðu hvattir til að fegra sitt nærumhverfi enn frekar. Oddeyrin á að verða „**andlit bæjarins**“ fyrir ferðamenn sem koma frá hafnarsvæðinu.

Bæta þarf merkingar fyrir ferðamenn sem koma með skemmtiferðaskipum til bæjarins.

Í samstarfi við bæjarbúa og atvinnulífið verði skipulagðar hreinsunarvikur tvisvar á ári þar sem allir leggjast á eitt við að gera bæinn fegurri. Bærinn legði til sérstaka gáma tengt því.

Taka aftur upp skipulagða söfnun á jólatrjám.

Stækka grænmetisgarðana og gera fleirum kleift að rækta þar. Mikilvægt einnig til að kenna börnum sjálfbærni og góða umgengni við náttúruna.

Samgöngur

Unnið verði að því að koma fyrir samgöngumiðstöð sem tengipunkti allra almenningsgangna á svæðinu. Skoða ber hvort hægt sé að koma slíku við í tengslum við uppbyggingu á flugvallarsvæðinu.

Mikilvægt er að halda Glerárgötunni sem stofn samgönguæð óbreyttri gegnum bæinn. Auk þess þarf að tryggja enn frekar umferð gangandi og hjólandi í og við götuna. Tryggvabraut þjónar einnig mikilvægu hlutverki sem stofnæð og tengin við atvinnusvæðin á Oddeyrinni.

Dregið verði út notkun á sandi og salti til hálkuvana eins og kostur er og aukin áhersla verði á þrif á götum til að bæta sem mest lífsgæði. Ekki verði notað saltvatn við slík þrif.

Steinstólpar í miðbænum sem notaðir eru til að skilja bílaumferð og gangandi valda tíðum tjónum á bifreiðum. Leitað verði leiða til að draga úr þeirri hættu t.d. með því að gera þetta meira sýnilegt.

Menning og listir

Miðflokkurinn mun standa vörð um sögu og menningu Akureyrar. Þannig styður flokkurinn við lista- og menningarstarf sem auðgar bæinn sem samfélag.

Miðflokkurinn mun beita sér fyrir því að betur verði haldið utan um listmuni í eigu bæjarins og þeir gerðir aðgengilegir bæjarbúum og gestum bæjarins. Komið verði einnig upp heimasíðu þar sem skoða megi listaverk bæjarins og sjá hvar þau eru staðsett.

Bæjarfélagið kaupir einnig í ríkari mæli listaverk af akureyrskum listamönnum.

Sjómannadagurinn verði endurvakinn sem hátíðisdagur á Akureyri.